

Rangárþing ytra
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Reykjavík, 10. apríl 2025
UOS2503218/E.S.F.
13.04.02

Efni: Umsögn - Aðalskipulagsbreyting - Hvammsvirkjun, stækkun efnistökusvæðis

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Rangárþings ytra er barst þann 13. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfis- og orkustofnunar um skipulagslýsingu fyrir breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 og Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028. Einnig fyrir samsvarandi breytingu á deiliskipulagi Hvammsvirkjunar.

Núverandi heimildir í skipulagi heimila að tekið sé allt að 950.000 m³ af efni, þar af 500.000 m³ í efnistökusvæði E26 sem er í lónsstæði Hvammsvirkjunar og mun svæðið fara undir vatn að framkvæmdum loknum. Í heild verður viðbótarefnismagn í efnistökusvæði E26 allt að 390.000 m³ og öll möguleg viðbótarsvæði verða einnig í lónsstæðinu og hverfa því í lónið að framkvæmdum loknum. Stærð námusvæðanna er 24,9 ha og á svæði sem er búið að heimila að raska nú þegar.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að 390.000 m³ viðbótar efnistaka er mjög umfangsmikil viðbót. Fram kemur í lýsingunni að gerð verði grein fyrir ætluðum áhrifum á vatnshlotin Þjórsá 1 (103-663-R) og Þverá (103-895-R), ef ætla má að þau séu einhver umfram núverandi skipulag. Þar sem tillagan hefur áhrif á vatn leggur Umhverfis- og orkustofnun áherslu á mikilvægi þess að fjalla um áhrif efnistökkunnar í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og Vatnaáætlun 2022-2027.¹ Umhverfis- og orkustofnun bendir á að markmið laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að öll vatnshlot hafa umhverfismarkmið og þau markmið eru lagalega bindandi. Fyrirhuguð efnistaka er við straumvatnshlotin Þjórsá 1 (103-663-R) og Þverá (103-895-R). Umhverfismarkmið straumvatnshlotsins Þjórsá 1 eru þau að vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu og góðu efnafræðilegu ástandi. Umhverfismarkmið straumvatnshlotsins

¹ [Vatnaáætlun 2022-2027](#)

Þverá er að vera í mjög góðu vistfræðilegu og góðu efnafræðilegu ástandi. Efnafræðilegt ástand beggja vatnshlotanna er óþekkt. Vistfræðilegt ástand straumvatnshlotsins Þverár er flokkað sem mjög gott en vistfræðilegt ástand straumvatnshlotsins Þjórsár 1 er hins vegar óflokkað skv. vatnavefsjá. Stofnunin bendir á að vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand vatnshlota má ekki rýrna, hvorki tímabundið né varanlega.

Að mati Umhverfis- og orkustofnunar er ekki ljóst af mynd 1 í skipulagslýsingunni hvort að sum af fyrirhuguðum viðbótar efnistökusvæðum liggi ofan í ánni eða munu geta haft áhrif á bakka hennar á framkvæmdartímanum. Fram kemur að öll möguleg viðbótarsvæði verði í lónsstæðinu og hverfi því í lónið að framkvæmdum loknum. Umhverfis- og orkustofnun bendir í því samhengi á að það er auk þess mikilvægt að meta áhrif af framkvæmdinni á sjálfum framkvæmdatímanum. Þá vekur Umhverfis- og orkustofnun athygli á að gefnar hafa verið út leiðbeiningarnar *Mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot*² um það hvernig beri að framkvæma slíkt mat. Efnistaka úr ám getur haft áhrif á vatnsformfræðilega gæðapætti straumvatnshlota sem þarf að meta. Vatnsformfræðilegir gæðapættir sem nota á við mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á straumvatnshlot eru samfella og vatnabúskapur/rennslishættir, sjá nánar í leiðbeiningaritinu.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að áður en leyfi eru gefin út vegna framkvæmdarinnar þarf áhrifamat fyrir vatnshlot að liggja fyrir. Mikilvægt er að áhrif framkvæmda á vatn liggi fyrir svo leyfisveitandi geti tekið afstöðu til þess hvort framkvæmdin sé í samræmi við vatnaáætlun og lög um stjórn vatnamála.

Umhverfis- og orkustofnun bendir einnig á að skv. 7. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 1040/2002 um framkvæmd raforkulaga skulu framkvæmdir á grundvelli virkjunarleyfis vera í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir á viðkomandi svæði.

Virðingarfyllt,

Edda Sigríður Freysteinsdóttir,

sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir,

sérfræðingur

² [Mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot](#)